



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 27. nóvember 2023

MSS23050012

Borgarráð

Erindisbréf – starfshópur um menningar- og samfélagshús á Ártúnshöfða

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um menningar- og samfélagshús á Ártúnshöfða eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf – starfshópur um menningar- og samfélagshús á Ártúnshöfða, drög.



ERINDISBRÉF starfshóps um menningar- og samfélagshús Ártúnshöfða

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 23. nóvember 2023 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að þjónustu- og nýsköpunarsviði verði farið að leiða þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu nýju hverfi á Ártúnshöfða. Þá var samþykkt að til verkefnisins yrði skipaður starfshópur með aðkomu annarra sviða Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog muni rísa byggð fyrir allt að 20 þúsund borgarbúa á komandi árum. Er uppbygging hverfisins þegar hafin. Nauðsynlegt er að rýna þörf fyrir menningar- og samfélagsþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar en eðlilegt að þær þarfir taki mið af hraðri framþróun í þjónustuveitingu og endurhugsun á rýmum og þjónustu við borgarbúa, s.s. á bókasöfnum, í velferðarþjónustu og víðar. Þarfagreining fyrir menningar- og samfélagshús þarf því að byggja á nýsköpun og nýrri hugsun og horfa til bestu erlendu fyrirmynda í samtímanum.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að gera þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu nýju hverfi á Ártúnshöfða.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs, formaður

Fulltrúi velferðarsviðs

Fulltrúi menningar- og íþróttasviðs

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Starfsmaður kemur frá umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan sem utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. júní 2024